



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

FRÉTTAÞRÉF

FÉLAGIÐ ÍSLENSK ÆTTLEIÐING - 2. TBL. JÚNÍ 1998



Gleðilegt sumar!

Kærkomin heimsókn.

Anju Roy, sem rekur barnaheimilið *okkar* í Kalkútta, og sonur hennar Tony koma til Íslands 14. júní. Þetta er fyrsta heimsókn hennar hingað og hefur hún sérstaklega óskað eftir að fá að hitta öll "börnin sín" og fjölskyldur þeirra. Til þess að gefa sem flestum tækifæri til að hitta Anju ætlum við að hafa opið hús í Síðumúla 11 (í sal starfsmannafélags Flugleiða, á 2. hæð) mánudaginn 15. júní kl. 16-19, og þar verður heitt á könnunni. Við hvetjum hér með fjölskyldur barnanna frá Kalkútta til að koma og hitta Anju því að það er henni mikils virði að sjá hvað börnin dafna vel hér hjá fjölskyldum sínum. Biðlistafólk er að sjálfsögðu velkomið líka. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til skrifstofu ÍÆ s: 551 4280 – fax 562 4910 – eða skiljið eftir skilaboð á símsvaranum.

Útilegan í sumar 17. - 19. júlí
að Laugalandi í Holti.

Ýtarlegar upplýsingar um staðinn sjálfan og nánasta umhverfi, aðstöðuna og gisti-
möguleika er að finna á baksíðu blaðsins.

Gíróseðill

Gíróseðill vegna félagsgjalda fylgir þessu fréttabréfi en vegna mistaka var hann ekki með síðasta bréfi. Við vonumst til að félagsmenn greiði hann sem fyrst og biðjum ykkur um að gera upp eldri skuldir, sé um þær að ræða.

Meðal efnis:

Bls. 2 Frá skrifstofu

Bls. 4 Að segja barninu frá uppruna sínum

Bls. 6 Ættleidd „börn“
Fullorðin börn segja frá

Bls. 8 Það sem erfitt er að tala um

Bls. 11 Barnasiðan



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

Fréttabréf Félagsins
Íslensk Ættleiðing

Útgefandi:

Íslensk Ættleiðing
Grettisgötu 6
101 Reykjavík
Sími: 551 4280
Fax: 562 4910

Ábyrgðamaður:

Olga Stefánsdóttir

Ritnefnd:

María J. Gunnarsdóttir
Snjólaug Stefánsdóttir

Opnunartími skrifstofu:

kl. 10-12 miðvikudag og föstudag
Starfsmaður skrifstofu:
Guðrún Sveinsdóttir

Stjórn:

Ingibjörg Birgisdóttir, formaður
Lísa Yoder, varaformaður
Olga Stefánsdóttir, gjaldkeri
Ingvar Kristjánsson, ritari
Guðrún Sveinsdóttir, meðstjórnandi
Guðlaug Guðmundsdóttir,
varamaður
Ásdís Guðmundsdóttir, varamaður

Fulltrúar í Norðurlandsdeild:

Elín Hallgrímsdóttir, Akureyri
Helgi Stefánsson, Akureyri
Sigurlína Jónsdóttir, Húsavík

Fræðslunefnd:

Ásdís Guðmundsdóttir
Guðlaug Guðmundsdóttir

Umbrot og prentun:

Prentstofan
Hvíta Örkin

Fréttir frá skrifstofu

Sigmar B. Hauksson sagði félagsmönnum mjög skemmtilega frá ferð sinni til Sri Lanka á fundi í febrúar. Dræm þátttaka kom stjórninni á óvart.

Fræðslunefnd félagsins heldur á næstunni tvo undirbúningsfundi fyrir biðlistafólk. Efstu umsækjendur á biðlista verða boðaðir á fundina og vonumst við eftir góðri þátttöku fólks.

Afmælisnefnd hefur enn ekki komist á laggirnar, en gaman væri að fá líka fólk sem starfaði fyrir félagið fyrr á árum, leggið okkur lið svo afmælið verði eftirminnilegt.

Jóhanna Ingadóttir nemi í háskóla Íslands gerði í vetur könnun á því hvernig uppkomnum ættleiddum vegnar og verður fróðlegt að sjá niðurstöðurnar.

Alltaf vantar fyrirburaföt og ungbarnaföt fyrir barnaheimilið í Kalkútta, einnig barnateppi og sængurföt. Við reynum að senda fatnað eða leikföng með öllum foreldrum sem fara að sækja börn bæði til Rúmeníu og Indlands.

Indland. Frá Kalkútta hafa komið fjögur börn á árinu, og sjö mál eru í gangi, mislangt komin í dómskerfinu úti. Biðlisti til Indlands er nánast enginn lengur og reikna má með að þegar umsækjendur hafa fengið vilyrði dómsmálaráðuneytis til ættleiðingar þá fái þeir fljótlega upplýsingar um barn. Í öllum tilfellum er um að ræða ungbörn. Einnig er ein umsókn í Madras, þar bíður lítil stúlka á þriðja ári sem væntanleg er til nýju fjölskyldunnar fyrir jól. Vonandi verður framhald á ættleiðingum frá Madras eftir að forstöðumaður stofnunarinnar heimsækir okkur í vetur.

Eins og áður hefur verið sagt frá eru Anju frá Kalkútta og Tony sonur hennar væntanleg í heimsókn í júní og vonumst við til að sem flestar fjölskyldur indverskra barna hitti hana, enda óskar hún sérstaklega eftir að hitta börnin. Anju fór nýlega til Delhi til að hitta framkvæmdastjóra CARA, og býst hún við að fá starfsleyfi frá CARA á næstu vikum en nýlega fékk hún starfsleyfi yfirvalda Bengalríkis.


“Barnaheimilið okkar“ Matri Sneha flutti í nýtt og betra húsnæði í byrjun apríl. Um miðjan apríl flutti svo skrifstofan í gamla húsnæði barnaheimilisins og vonum við að flutningarnir verði til þess að auðvelda okkar góða samstarfsfólki í Kalkútta lífið.

Í því sambandi vil ég minna á söfnun félagsins vegna nýja barnaheimilisins, leggja má inn á reikning nr. 8875 í Íslandsbanka - bankanr. 513 - eða láta taka út af krítarkorti mánaðarlega.

Rúmenía. Langþráður samstarfssamningur var undirritaður fyrir nokkru og hefur frú Coman sent okkur upplýsingar um barn svo nú eiga íslenskir foreldrar tvö börn í Rúmeníu sem bíða þess að dómstóll úrskurði kjörforeldrunum forræði þeirra. Upplýsingar um fleiri börn eru væntanlegar en alls eru 15 umsækjendur á Rúmeníulista. Við viljum ítreka að öll verða börnin á öðru ári eða eldri þegar þau koma heim.

Kína. Engar fréttir, yfirvöld þar hafa óskað eftir enn fleiri upplýsingum héðan og bíða nú svars dómsmálaráðuneytis. Við vonumst eftir niðurstöðu fljótlega.

Thailand. Þaðan er því miður ekkert að fréttu.



SAMTALS 339 BÖRN
 UM ÞAÐ BIL 90% ÞEIRRA HAFNA KOMIÐ TIL LANDSINN
 MEÐ AÐSTÖÐ FÉLAGSINS FRÁ ÁRINU 1978.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ÍÆ hefur aflað sér eru þetta tölur yfir þau börn sem hafa verið ættleidd til Íslands og löndin sem þau hafa komið frá. Fróðlegt væri að vita hvort einhver hefur upplýsingar um fleiri lönd. Þær upplýsingar væru vel þegnar svo að hægt sé að gefa sem réttasta mynd af fjölda og löndum.

Ættleiðing er:

Ættleiðing er félagslegt og andlegt ferli.

Ættleiðing er að taka að sér barn annarra sem sitt eigið.

Ættleiðing er að hitta fyrir annars konar menningu.

Ættleiðing er augnatillit frá vegfarendum, sem lýsa bæði undrun og aðdáun.

Ættleiðing er að vera háófrískur - án kúlu.

Ættleiðing er móðurást.

Ættleiðing er föðurást.

Ættleiðing er óvissan - um fortíð barnsins.

Ættleiðing er ótinn - um framtíð barnsins.

Ættleiðing er að hafa vilja og styrk til að veita öryggi og sjálfstraust.

Að vera ættleiddur er að þekkja ekki upphaf sitt.

Að vera ættleiddur er tilfinning um að vera öðruvísi.

Að vera ættleiddur er ef til vill að tilheyra öðrum kynþætti.

Að eiga ættleitt barn er að elska þetta barn skilyrðislaust. Og hvað mér viðkemur, á sama hátt og börnin sem ég hef fætt af mér, eru elskuð. Elskuð fyrir það hver þau eru og fyrir möguleikana sem þau búa yfir. Börn eru einstakar verur, þau eru breitt litróf hæfileika, sem hvert og eitt á sér enga líka.

„Barn er gjöf - barn er verkefni.“

Helle Lindsel, Danmörku.

Segið barninu frá uppruna sínum

Danski sálfræðingurinn Lene Kamm heimsótti Finnland síðasta haust og sagði frá vinnu sinni með kjörforeldrum og kjörbörnum. **Sú staðreynd að Lene Kamm er sjálf ættleidd gefur orðum hennar aukið vægi.**

“Ég var ættleidd af danskri fjölskyldu þegar ég var þriggja mánaða. Ég ólst upp í litlu samfélagi þar sem allir voru hvítir á hörund. Nú er ég 39 ára, móðir þriggja barna og fráskilin. Ég hef komist vel frá skilnaðinum þrátt fyrir að stundum sé sagt að ættleiddir þoli ýmiss konar aðskilnað illa og lendi í miklum vandamálum vegna þess” segir Lene.

Lene Kamm vinnur í Kaupmannahöfn við ráðgjöf og stuðning fyrir kjörfjölskyldur. Hópur sérfræðinga vinnur saman að verkefningu og Lene er einn af sálfræðingunum. Verkefni hópsins er að styðja fjölskyldurnar eftir að barnið er komið og að miðla upplýsingum. Símaráðgjöf og viðtöl eru mest notuð, en einnig er mögulegt að fá samtalsmeðferð.

“Það eru oftast foreldrarnir sem hafa samband, en einnig börnin sjálf ásamt ýmsum fagaðilum sem hringja til okkar og má þar nefna kennara og skólasálfræðinga. Það er mikil þörf fyrir stuðning því vitneskja um sérstakar þarfir kjörfjölskyldna er lítil ennþá.”

Upphaflega nafnið.

Foreldrar spyrja oft hvort þeir eigi að láta barnið halda upprunalegu nafni sínu. Sé um að ræða ungbarn geta foreldrarnir íhugað hvað þeir vilji láta barnið heita. Ef um er að ræða eldra barn er nafnið orðið hluti persónunnar og þá á að halda nafninu. Auðvitað er hægt að gefa barninu nýtt nafn með því erlenda svo að barnið geti valið sjálft þegar það eldist hvort nafnið það kýs að nota. Ekki er rétt að innlent nafn hlífi barni við stríðni. Barnið er alltaf sérstakt og sker sig úr svo nafnið skiptir ekki sköpum í þessu sambandi. Lene Kamm minnir einnig á að oft er upprunalega nafnið það eina sem barnið hefur fengið frá kynforeldrum sínum og það eina sem það hefur með sér til nýja landsins.

Segið barninu.....

Lene Kamm telur að barnið eigi að vita um bakgrunn sinn. Foreldrarnir verða að íhuga hvornig þeir ætla að segja frá ættleiðingunni. Hægt er að segja frá uppruna t.d. með því að segja sögur. – Það er nauðsynlegt að barnið sé sjálft tilbúið til að hugleiða það sem sagt er um uppruna þess. Börn eru ólík. Ef barnið vill ekki hlusta þá er það ekki tilbúið. Réttur tími kemur ef



Lene Kamm á NAC ráðstefnu í Vaasa sept. '97.

foreldrarnir eru tilbúnir til að hlusta á barnið; hlusta eftir merki þess að það velti fyrir sér uppruna sínum og ættleiðingunni, og noti innsæi sitt. ***Þumalfingursreglan er sú að því fyrr sem barnið fær raunverulega vitneskju um uppruna sinn, því betri möguleika hefur það á að aðlagst aðstæðum.***

.....líka frá því erfiða

Allir foreldrar vilja hlífa barninu við vandamálum og forðast þá stundum að segja frá vissum atriðum varðandi uppruna barnsins. Lene Kamm finnst að fólk eigi að segja frá öllu, líka vandamálunum. Barnið veit hvað það hefur upplifað, þótt það vanti kannski orðin til að lýsa því og vilja til að tala um ömurlegar aðstæður sem það lenti í áður en það eignaðist nýja fjölskyldu. Barnið þarf stuðning foreldra sinna í þessu, með aðstoð þeirra getur barnið unnið úr vandamálunum sem það bjó við áður.

Þar er mikilvægt að foreldrarnir hafi sjálfir sætt sig við aðstæður áður en þeir ræða þessi mál við barnið. Kynforeldra má ekki gera að sökudólgum þrátt fyrir að kjörforeldrar finni jafnvel til haturs og biturleika gagnvart þeim. Lene ítrekar að fyrst verður að vinna úr eigin tilfinningum. Hafi barninu t. d. verið misþyrmt ráðleggur hún fólki að tala um atburðinn á þann hátt að barnið geti skilið. Hægt er að segja á þá lund að “mamma þín vildi gera rétt, en hún gat ekki alltaf annast þig eins og hún hefði helst viljað”. Börn skilja vel að fólki tekst ekki alltaf að haga sér á þann hátt sem það veit að er rétt. Ef þú velur að ræða ekki mikilvæga hluti við barnið þitt þá upplifir hann eða hún að þú hafir brugðist skyldu þinni sem kjörforeldri.

Maður lærir að tengjast öðrum

Í sálfræðiritum er stundum sagt að hafi barn ekki átt möguleika á að tengjast öðru fólki sem smábarn, þá muni það sýna hegðun vandamál þegar það stækkar. Þetta segir Lene vera gamaldags kenningu og byggja á rannsóknum á börnum sem hafi alla ævi verið á stofnunum og aldrei átt möguleika á að bindast neinum tilfinningalega. Hún bendir á rannsókn Clarke og Clarke sem hafi komist að þeirri niðurstöðu að -hvert barn hefur innri vilja til að verða heilt-. Ættleiðingin hefur í för með sér uppfyllingu flestra þarfa barnsins og er stór breyting til hins betra í lífi þess. Þættir sem einnig skipta máli eru persónuleiki barnsins og nýjar aðstæður.

Eftir stríðið í Vietnam voru ættleidd til Bandaríkjanna börn sem höfðu skaddast andlega. Ástand barnanna var þannig að þau vöktu sömu tilfinningar foreldranna og fengu umönnun eins og um nýfædd börn væri að ræða. Þessi börn “urðu heil” þar sem öllum þörfum þeirra var fullnægt, segir Lene Kamm.

Símaráðgjöf fyrir kjörfjölskyldur í Kaupmannahöfn hefur sýnt að það er ekkert samband milli aldurs barnsins við komu og þeirra vandamála sem síðar koma í ljós.



Lene Kamm.

Hvort sem barnið var ættleitt sem ungbarn eða eldra barn, getur það seinna lent í samskonar erfiðleikum t.d. í sambandi við unglingsárin. Í vinnu með börnum og unglungum reynum við ávallt að hjálpa þeim að finna sínar sterku hliðar. Þegar afstaða til sjálfsins verður jákvæðari þá breytast oftast einnig erfiðleikarnir.

Greinin er þýdd úr bláði finnsku samtakanna Interpedia no.2 1997.

Margir félagsmenn muna eflaust eftir Lene Kamm sem heimsótti ÍÆ í ágúst 1995 og var áfúsugestur enda mjög fród um ættleiðingar.

Guðrún

Ný bók.

Shanti Holmström 18 ára, ættleidd frá Indlandi, hefur nýlega sent frá sér bókina “*Mitt okända hemland*” (lausl. þýðing: Mín ókunnuga ættjörð). Bókin er að nokkru leyti sjálfsævisaga og skáldsaga og fjallar um það hvernig það er að alast upp sem erlent kjörbarn í Svíþjóð og einnig um heimsókn til Indlands. Bókin er gefin út af Almquist & Wiksell í Svíþjóð.

Hana er einnig hægt að panta á internetinu: www.bokhandel.liber.se (veljið: författare – síðan H og þar Holmström)

Aettleidd börn

bæði yfirgefin og takmarkalaust elskuð

Að einu leyti eru þau yfirgefin, af einhverjum ástæðum gátu foreldrar þeirra ekki annast þau. En að öðru leyti eru þau takmarkalaust elskuð og “fæðing” þeirra mjög nákvæmlega skipulögð og undirbúin. Í Svíþjóð eru um það bil 100 000 aettleidd börn. Mörg þeirra eru með vangaveltur um það hvernig kynforeldrar þeirra eru og af hvaða ástæðum þau voru yfirgefin. Öðrum finnst sem aettleiðingin hafi verið endurfæðing þeirra.

Þegar einhver segir: “Ég er aettleiddur” þá hugsar fólk ef til vill ekki svo mikið um hvað það þýðir í raun og veru, það er jú orðið svo algengt að börn séu aettleidd. Og það sést alls ekki á öllum – því flestir hinna aettleiddu eru einmitt frá Svíþjóð. Aðrir sem eru með dökka húð og svart hár eru oft meðhöndlaðir sem innflytjendur. Fjandskapur gagnvart aðkomumönnum beinist ekki að því hvaðan þeir koma, heldur er það húðliturinn sem sumum finnst ögrandi. En það er eitt sem allir aettleiddir einstaklingar eiga sameiginlegt – án tillits til þess hvaðan þeir koma – einhvern tímann á lífsleiðinni hafa þeir uppgötvað að þeir eru öðruvísi. Þeir velta fyrir sér spurningum sem aðrir þurfa aldrei að spyrja sig. Sumir eiga tilbúinn afmælisdag vegna þess að enginn veit hver réttur fæðingardagur þeirra er. Spurningarnar hrannast upp þegar hugsað er um upprunann: Hverjir eru raunverulegir foreldrar mínir? Hvers vegna yfirgáfu þau mig? Get ég fengið einhver svör og hvaða svör er ég tilbúin(n) að heyra? Eða það sem væri líklega verst af öllu: Hvað ef ég finn foreldra mína og þau vilja ekki hitta mig? Hér á eftir fara vangaveltur þriggja aettleiddra ungmenna sem búsett eru í Svíþjóð.

Anna Rudstedt 23 ára, aettleidd í Svíþjóð:

“Ég hugsar oft um það að ég var yfirgefin af kynmóður minni. Ég veit ekki af hverju hún vildi ekki hafa mig hjá sér eða gat það ekki. Samkvæmt því sem hún sjálf sagði var henni nauðgað, faðirinn neitaði, en mér finnst það samt ekki næg ástæða til að gefa barnið sitt frá sér. Ég er með spurningar sem ég fæ aldrei svör við. Ég hef haft það eins gott og mögulegt er hjá kjörforeldrum mínum, en ég vildi óska þess að þau væru kynforeldrar mínir svo að ég hefði ekki þurft að upplifa þetta allt. Það er erfitt að bera þá byrði að hafa verið óvelkomin. Ég sé kynmóður mína ekki fyrir mér á jákvæðan hátt, hverskonar mynd

getur maður svo sem haft af manneskju sem yfirgefur barnið sitt. Þegar ég var 15 ára hafði hún samband við mig, en það á maður eiginlega ekki að gera. Það á að vera ákvörðun barnsins hvort það vill hafa samband eða ekki. Við hittumst. Það var hræðilega erfitt, ég vildi að ég hefði fengið að velja sjálf. Það var líka erfitt fyrir kjörforeldra mína. Erfiðast er að vita hverskonar samband ég á að eiga við hana. Mér finnst hún dálítið andstyggileg, lýgur og drekkur. Eiginlega hata ég hana, en samt get ég ekki látið vera að hugsa um hana. Þegar ég var lítil dreymdi mig um að hún kæmi í skólann til að sækja mig og segði við mig: “Halló, það er ég sem er raunveruleg mamma þín”. Ég hafði sjálf samband við kynföður minn, við hittumst sem vinir. En hann er ekki pabbi minn. Það sést ekki utan á mér að ég er aettleidd, ég er jafnvel nokkuð lík kjörforeldrum mínum. Ég finn til mikllar samkenndar með öðrum aettleiddum. Stundum sé ég kannski einhvern í strætó, þá langar mig til að skrifa á ennið á mér: “Ég er líka aettleidd”, svo að þeir viti af hverju ég stari. Núna, þegar ég hef eignast barn sjálf, þá á ég ennþá erfiðara með að skilja hvernig nokkur getur látið barnið sitt frá sér. Og ég var ofsalega hrædd við tilhugsunina um tímabilið eftir fæðinguna. Gæti ég annast barn þá, ég sem aldrei fékk slíka umönnun?”

Mehari Nandorf 25 ára, aettleiddur frá Eþíópíu:

“Það yndislegasta sem ég hef gert um ævina var að hitta móður mína. Það var í fyrra þegar ég fór í heimsókn til fæðingarlands míns, ég hafði skrifast á við hana áður. Við höfum alltaf vitað af henni því kjörfaðir minn hefur verið í sambandi við hana allt frá því að ég var aettleiddur. Það var í trúboðsstöð sem við hittumst. Allt í einu sagði einhver: “Mehari, hérna er móðir þín”. Og þarna stóð hún. Ég þekkti hana strax. Við föðmuðumst og þegar við gengum út leiddumst við allan tímann. Þetta var stór atburður fyrir alla. Meira að segja fólkið í búðinni þar sem við versluðum var glatt. Móðir mín er mjög fátæk kona, hún býr í herbergi sem er einungis fáeinir fermetrar. Það var erfitt að þiggja af henni matarboð vitandi að hún ætti svo lítið að gefa. Áður en ég fæddist bjó hún með föður mínum. Hann sá fyrir fjölskyldunni en þegar ég fæddist þá stakk hann af. Móðir mín gat ekki séð ein um þrjú börn og þess vegna



Hressar stelpur á aðalfundi norrænu félaganna í VAASA, Finnlandi sept. '97.

var ég ættleiddur. Hér í Svíþjóð á ég þrjú systkyni. Þau eru kynbörn kjörforeldra minna. Það er ljóst að ég hugsa um það að ég er öðruvísi, maður hugsar jú alltaf um hvernig umhverfið skynjar hlutina og það sést jú greinilega að ég er ekki eins og hin börnin þeirra. Ég líð ekki fyrir það, en það er þarna. Mér finnst ég vera bæði sænskur og eþíópskur. Það er ekki fyrir en fólk hættir að hugsa í litum að ég get sagt að ég sé sænskur. Þegar maður er ættleiddur verður maður aldrei alveg heil manneskja. Mér finnst ég róttlaus, eins og ég leiti einhvers sem ég get aldrei fundið. Eins og að maður fái aldrei að vita nákvæmlega hver maður er. Þegar ég var í heimsókninni minni í Eþíópíu hittu ég fólk sem sá mig sem lítið barn. Sem gat sagt frá því hvernig ég var þá. Og ég hittu systkyni mín, ég er með sama andlitið og stóri bróðir minn.....

Ég hugsa oft um móður mína, sérstaklega þegar ég heyrri tónlist frá Eþíópíu. Ég skrifast á við hana og sendi henni peninga. Draumur minn er að geta einn góðan veðurdag keypt handa henni íbúð.”

**Julius Eliasson 21 árs,
ættleiddur frá Kólombíu:**

“Ég hefði vel getað hlotið sömu örlög og götubörnin sem stela og sniffa, en ég bý í Svíþjóð og lifi öruggu og reglubundnu lífi. Á hverju ári er ég minntur á það að ég veit ekki hvenær ég fæddist. Það veit það enginn. Foreldrar mínir gáfu mér 25. júní sem afmælisdag. Þegar ég var kornabarn var mér komið fyrir á barnaheimili af

ókunnugum. Á vissan hátt hef ég allt mitt líf þráð að sjá aftur þetta barnaheimili. Fyrir tveimur árum fór ég með fjölskyldu minni þangað. Það var einkum þrennt sem mig langaði til að gera í ferðinni til Kólombíu; að heimsækja barnaheimilið, að sjá hvernig líf götubarnanna er og loks að smakka maísbrauð, nokkuð sem allir borða þar. Það var mikil upplifun fyrir okkur öll að koma á barnaheimilið. Við gengum inn í “Herbergi vonarinnar” þar sem börnin eru látin í hendur nýju foreldranna. Mamma fór að gráta. Það var erfitt að sjá hvernig líf götubarnanna er, þau eru stygg og ofsótt. Það kemur fyrir að á þau er skotið og þau myrt af meðborgurum sínum. Maísbrauðið var ég fljótur að afgreiða, eftir tvo bita var ég búinn að fá nóg. Ég hef engan áhuga á að hitta kynforeldra mína, það er eiginlega ekki hægt að finna þau. Núna á ég móður og föður. Mér myndi auk þess finnast það erfitt. Hvernig samband ætti ég að eiga við þau? Ef ég yfirleitt myndi finna þau. Það er ekki óalgegnt að fólk komi fram við mig eins og innflytjanda. Einu sinni þegar ég sat ekki rétt í sætinu mínu í neðanjarðalestinni sagði kona við mig: “Lærðu að sitja eins og svíi.” Sumir tala við mig á spænsku, þó að ég kunni ekki eitt einasta orð. En ég er glaður yfir því að vera ættleiddur. Það er eins og ég hafi endurfæðst, og það eiginlega tvisvar, í fyrra skiptið þegar ég var skilinn eftir á barnaheimilinu. Hver var það sem gerði það? Ég vildi svo gjarnan geta þakkað honum fyrir.”

Það sem erfitt er að tala um

Mamma, var ég í þínum maga?

Af hverju var bara ég ættleiddur – en ekki stóri bróðir minn?

Fyrsti pabbi minn er lifandi, af hverju hugsar hann þá ekki um mig?

Erfiðar spurningar. Erfitt umræðuefni. Hvernig segir maður barninu frá hlutum sem eru þeim og okkur erfiðir.

“Maggi segir að þú sért ekki rétta mamma mín. Af því að ég var ekki í þínum maga. Er það satt? Og í hvaða maga var ég þá?”

Nánast allar kjörmæður fyrr og síðar fá þessa spurningu frá barninu sínu, en að tala um kynmóðurina reynist mörgum erfitt. Eftirfarandi er haft eftir kjörmóður: “Sonur minn talar um að fara til baka til barnaheimilisins, setjast á tröppurnar þar og bíða eftir mömmu sinni. Hann er sannfærður um það að hún kemur einhvern daginn aftur. Mér finnst sem ég sé ekki nógu góð.”

Magi mömmunnar er líklega fyrsta stóra og erfiða spurningin sem kjörforeldrar þurfa að íhuga vel. Jafnvel þó að barninu sé sagt frá því á unga aldri að það sé ættleitt og því sagt frá ferðinni sem mamma og pabbi tókust á hendur til að sækja það og ýmislegt í sambandi við ættleiðinguna sé rætt í samræmi við aldur og þroska barnsins, þá eru spurningarnar um kynmóðurina af öðrum toga og mörgum kjörmæðrum mjög erfiðar. Þegar það er þín heitasta ósk að þú hafir einmitt gengið með og fætt barnið þitt er óskaplega erfitt að horfast í augu við það og segja: Nei, þú varst ekki í mínum maga. Samt er ennþá verra að segja því að það hafi verið í maga annarrar “konu” á Indlandi eða í Kólombíu. Barnið hefur að sjálfsögðu ekki verið maga einhverrar “konu” heldur mömmu sinnar, það er einmitt þetta sem mörgum reynist erfitt að tala um. Að notast við orðið “kona” er ekki óalgengt en það er flótti frá sannleikanum og ósanngjarnt gagnvart barninu.

Margir foreldrar eru hræddir um að barninu finnst skrytið að það eigi tvær mömmur og forðast umræðuna af þeim sökum. En barninu kemur ekki til með að finnst það skrytið ef foreldranir eru sjálfir sáttir við það og útskýra það fyrir barninu. Það er ekki um að ræða einhverjar óskilgreindar “konur” – barnið á að sjálfsögðu sína líffræðilegu móður, hvernig varð það annars til?? Það er líka rangt að koma sér undan spurningunni með því að svara þannig að kynmóðirin sé til en **núna** sért það þú sem ert mamman, af því að þú treystir þér ekki til að gefa báðum hlutverkum jafnt gildi. Betra svar er:



“Líffræðilega mamma þín er jafn mikilvæg og ég. Hún er ekki hér, en það voru hún og pabbi þinn sem gáfu þér lífið og útlitið þitt, en hún gat ekki haft þig hjá sér. Hún er alveg jafn mikilvæg þó að hún sé ekki hér.”

Sem kjörforeldrar verðum við að gefa barninu tækifæri til að finnst að hún eða hann hafi fengið í vöggugjöf einhvað gott frá foreldrum sínum, eitthvað til að gleðjast yfir og vera stolt(ur) af. Segja þeim t.d. að tónlistargáfuna hafi það aldrei getað erfitt frá þér, ekki nokkur möguleiki. Ekki heldur leiknina í fótbolta. En þú getir gefið þeim tækifæri til að þjálfa sig í fótbolta eða körfubolta og að læra að spila á hljóðfæri eða dansa. Og umfram allt ekki að tala um “konuna” eða mömmuna sem einhverja vesalings fátæka konu í fæðingarlandinu, langt í burtu.

Svikin eru það erfiða.

“Er það virkilega satt að pabbi minn er lifandi? Af hverju tekur hann mig þá ekki að sér?”

Kynfaðirinn er í flestum tilfellum fjarverandi faðir. Hann er þarna einhvers staðar en samt ekki. Hann er ýmist í fangelsi eða horfinn sporlaust. Kjörmóðir segir: “Svikin eru það erfiða. Mér finnst eins og ég geri litlu dóttur

minni ekkert gott með því að tala um kynföður hennar. Ég á ekki í vandræðum með kynmóðurina, því að hennar svik fólust í því að hún dó, en pabbinn sem er einhver staðar á óþekktum stað.. þau svik er ekki einfalt að ræða um.”

Séð frá sjónarhóli barnsins eru svikin það versta – ekki það að tala um þau. Ein leiðin til að meðhöndla þetta er að tala um það sem maður veit um lífskjörin í landinu, að þau eru ólík frá einu landi til annars og að fjölskyldur eiga ekki alls staðar jafn góða möguleika á að bregðast við aðstæðum. Í einu landi er búist við að feður bregðist við á einn hátt, í öðru landi á annan hátt. Þetta er umræðuefni sem gott að tala um við aðra kjörforeldra, bera saman hvernig aðrir fara að því að svara. Það virðist vera erfðara fyrir strákana en stelpurnar að faðirinn stakk af. Margir ungir ættleiddir strákar velta fyrir sér svikum föðursins á þennan hátt: Verð ég líka einn af þeim sem yfirgefur móður og barn? Fyrst að pabbi minn gerði það – hvernig faðir verð ég þá?

“Af hverju var það bara ég sem að mamma lét frá sér? Af hverju ekki stóra bróður minn?”

Stundum vitum við af systkyllum í fæðingarlandinu en sjaldnast vitum við hvernig við eigum að svara spurningunni um hvað varð um þau. Spurningar eins og t.d.: Voru þau líka ættleidd? Eða búa þau hjá mömmunni? Ef svo er, af hverju er ég ekki þar líka?

Kjörforeldri segir: “Sonur minn átti eldri bróður í Perú. Við biðum lengi með að tala um það við hann. Það getur jafnvel verið erfðara en að tala um kynforeldrana. Það er fyrst núna þegar hann er átta ára og mikið að velta fyrir sér öllum mögulegum hlutum, að spurningar um systkyni hafa komið upp: Af hverju ég en ekki hann? Býr hann enn hjá mömmu?”

Þegar maður er alls ekki með svarið á hreinu er ef til vill best að svara með annarri spurningu, t.d.: Hvað heldur þú sjálf(ur)? Ef það kemur í ljós að barnið trúir því að hann eða hún hafi verið ljótasta og óþekkasta barnið í öllum heiminum, er hægt að sæta lagi og tala um það sem ástæðuna fyrir því að hún lét barnið ekki frá sér og beita ímyndunaraflinu saman og ræða síðan um raunverulegu ástæðurnar. Að mamman varð að vinna og stóri bróðir gat ef til vill hugsað um sig sjálfur en ekki litla barnið. Það er mikilvægt að reyna að fá fram hvað barnið ímyndar sér að hafi gerst, sjá hvað kemur upp á yfirborðið og taka þar upp þráðinn.

Það er barnið sem varð fyrir skaðanum.

“Á hverjum einasta degi þegar hún kemur heim úr skólanum spilar hún indverska tónlist og grætur vegna fjölskyldunnar sem hún missti.”

Sorg er erfitt umræðuefni. Sorgin vegna missis mömmu, pabba og systkyna. Söknuðurinn. Kjörforeldri segir: “Stundum verður hann svo leiður þegar hann hugsar um bróður sinn. Mér finnst það svo mikil synd fyrir hann. Mig verkjar þegar hann segir: Ég sakna hans.”

Það getur verið erfitt fyrir okkur að meðhöndla sorg barnanna okkar. Okkur finnst sárt að horfa upp á það og við viljum helst yfirtaka sorg þeirra. En við getum ekki borið þeirra byrðar. Barnið varð fyrir skaðanum, ekki við. Á sama hátt og við getum ekki yfirtekið sorg barnsins okkar, getum við ekki heldur huggað það með því að segja: “Þetta er ekki svo slæmt, núna er allt í lagi því þú ert hér hjá okkur.” Barnið á rétt á því að sakna mömmu sinnar á Indlandi. Við getum ekki tekið burt ástæðuna fyrir sorginni. Aftur á móti getum við leyft barninu að syrgja og verið til staðar fyrir það á meðan. Setið með því, deilt tilfinningunum með því og sagt t.d.: “Það er mjög sorglegt að hún gat ekki haft þig hjá sér og hugsað um þig.” Það gerir á engan hátt minna úr gleði okkar og hamingju yfir því að barnið er hjá okkur í dag.

Stundum heyrast sögur eins og þessi: “Mamma þín elskaði þig svo mikið að hún lét þig frá sér þegar hún gerði sér grein fyrir því að hún gæti ekki hugsað nógu vel um þig, og þá urðum við foreldrar þínir.” Þetta getur verið mjög rangt að gera. Barnið getur tengt saman það að elska og yfirgefa og það er ekki rétt að koma svona




nokkru inn hjá barninu sem getur skaðað það seinna í lífinu. Það er mun betra að segja frá hlutunum eins og þeir eru: Þegar maður býr við erfð skilyrði getur maður ekki með góðu móti hugsað um lítið barn. Það snýst ekki um að elska eða elska ekki. Bara um það sem maður getur og getur ekki gert. Til að lifa af neyðist maður til að gefa barnið frá sér til ættleiðingar – og þannig lifir barnið líka af.

Staðfest tilfinning.

“Ömmu þykir ekki vænt um mig!”

Það er nánast óbærileg tilhugsun að einhverjum þyki ekki

vænt um barnið manns. Kjörforeldri segir: "Það er eins og fleygur í hjarta mínu að ég þrjóskaðist við að trúá dóttur minni þegar hún sagði mér að kennaranum líkaði ekki við sig. Hvernig gat það líka staðist að einhverjum líkaði ekki við barnið mitt? Svo ég reyndi að sannfæra hana um hið gagnstæða og það var ekki fyrr en löngu seinna að ég áttaði mig á því að hún hafði rétt fyrir sér." Hvað ef skyldmenni á í hlut? Þá reynir maður að mótmæla eða koma með útskýringar eins og t.d.: "Jú auðvitað þykir



henni vænt um þig, þú fékkst jú fínan jólapakka eins og hinir." Jafnvel þó að rödd innra með þér segi annað. Það er vel til í dæminu að ömmu líki ekki við eitt barnabarnið sitt. Það finnur maður alltaf á sér, af því að ömmu þekkir maður vel. Ef það er raunin er best að segja eins og er: "Því miður, amma er of gömul til að skilja hvað ættleiðing er – þess vegna þykir henni ekki jafn vænt um þig og Pétur og Stínu, en það er ekki þér að kenna heldur er það amma sem hefur rangt fyrir sér."

Það er alltaf betra að vera heiðarlegur heldur en að neita að viðurkenna upplifun barnsins. Við erum alltof fljót að sannfæra barnið um að það hafi rangt fyrir sér og í því felst ákveðin áhætta. Ef maður fær sífellt að heyra það að maður hafi rangt fyrir sér – hvernig á maður þá að þora að treysta tilfinningum sínum og þeim straumum/skilaboðum sem maður finnur fyrir frá fólki?

Sem kjörforeldrar höfum við lært að við erum öðruvísi foreldrar, en þegar barnið okkar kemur og talar um það frá sinni hlið – án tillits til um hvað málið snýst – þá gerum við allt til að reyna að sannfæra það um að það sé ekki svo. "Ömmu þykir nákvæmlega jafn vænt um þig og hina." Þú hefur það nákvæmlega eins og allir aðrir." En það er ekki rétt. Fjölskyldubönd eru viðkvæmt umræðuefni. Við viljum ekki sjá það að tengdamömmu líki ekki við barnið og auðvitað sárnar okkur þegar unglingsdóttir okkar tilkynnir að hún gefi skít í ættina – þetta er ekki hennar ætt. Í raun og veru er það alveg rétt, hún tilheyrir þessu þjóðfélagslega samhengi – en þetta er ekki ættin hennar. Síðan er það séð frá lögfræðilegu hliðinni, hún kemur jú til með að fá arf nákvæmlega eins og önnur börn í ættinni, tilheyrir ættinni jafnmikið og þau. En þetta snýst ekki um það.



Við eigum ekki að vera hrædd við að takast á við það sem er neikvætt og erfitt. Það jákvæða og dásamlega gerir meira en að vega upp á móti því: Barnið hefur í gegnum okkur eignast það sem það missti – foreldra og grundvöll í lífinu. Við höfum fengið að kynnst gleðinni sem felst í því að ala upp barn, okkar barn. Það er jafn rétt og satt og það – að við getum aldrei afmáð harmleikinn í lífi barnsins – sem varð þess valdandi að ættleiðing var það eina rétta fyrir barnið okkar. Og við skulum alltaf hafa það í huga, að til þess að styrkja sjálfsmynd barnsins okkar og tryggja eins og frekast er kostur að því líði vel, verðum við að vera til taks, tilbúin til að tala um það sem því liggur á hjarta – það er enginn annar sem getur gert það fyrir okkur.

IB / einnig stuðst við grein í *Att adoptera nr. 5 1996* sem AC í Svíþjóð gefur út.

Athugið myndirnar með þessari grein tengjast ekki greininni.

Nýr íslendingur



Elín Siv Káradóttir f. 17. ágúst 1997 í Calcutta komin til Íslands 22. febrúar 1998.

Foreldrar: Ólöf Briem og Kári Leivsson Petersen.

Barnasiðan

UNGLINGAKLÚBBURINN

People in Black

Lengi hefur verið á döfinni að koma af stað einhverri starfsemi fyrir unglingana í félaginu okkar og eins og fram kom í síðasta fréttabréfi var stofnaður unglingaklúbbur föstudaginn 27. mars 1998.

Á stofnfundinn mættu 20 krakkar á aldrinum 13 og 14 ára. Áhuginn var greinilega mjög mikill fyrir klúbbum og hugmyndirnar óþrjótandi um hvað þau gætu gert saman, diskótek, sund, bíóferðir, pizzukvöld o.s.frv. helst vildu þau geta hist hálfsmánaðar lega. Efnt var til samkeppni um nafn á klúbbinn og komu fram margar tillögur en fyrir valinu varð með miklum meirihluta atkvæða nafnið PEOPLE IN BLACK.

Á þessum fyrsta fundi var diskótek og pizzukvöld og var mikið dansað og rabbað og krakkarnir skemmtu sér greinilega hið besta saman. Við hittumst síðan aftur í byrjun maí en þá var videókvöld og eftir myndina var setið og spjallað.

Við ákváðum síðan að hittast ekki formlega í sumar (þó ekki hafi nú allir verið ánægðir með það) en reyna að mæta sem flest í útileguna og skemmta okkur saman þar. Við byrjum síðan klúbbstarfið af fullum krafti í haust en þá ætlum við jafnvel að bjóða foreldrum og systkinum með í keilu en það er þó ekki endanlega ákveðið og bréf verður sent um stað og stund þegar þar að kemur. En klúbburinn er greinilega kominn til að vera og vonandi koma allir þegar þráðurinn

verður tekinn upp í haust. Og að lokum: Vonandi hittumst við sem flest í útilegunni í sumar.

Finndu þessi orð:

Hestur, hundur, svín, geit,
mús, fiskur, fugl, hæna, kind, gæs.

P P R U K S I F G N H
H E S T U R E L F E M
H V S V O T G H D U A
E Ú N S Í U G E I T N
M Æ K O F N K I N D Æ
H R U D N U H G Æ S H

FINNDU ANDHEITIN:

DÁIN
HRYGGUR
VEIKUR
HEIMSKUR
HÆGRI
FÁIR
SEINT
LÉTTUR
SOFANDI
ÞRÖNGUR
KURTEIS
GRANNUR
FARINN
BJARTUR

Útilegan að Laugalandi í Holtum 17. - 19. júlí.

Laugaland er í 14 km fjarlægð frá Hellu, 84 km frá Reykjavík og 319 km frá Akureyri um Sprengisand og þaðan er um hálf tíma akstur að rótum Heklu. Laugaland er orðin helsta fjölskylduparadísin og miðstöð ferðamála í Rangárvallasýslu.

Skemmtilegar gönguleiðir eru til allra átta frá Laugalandi. Marteinstungukirkja er í 1 km fjarlægð, dæmigerð bændakirkja frá byggð 1896. Merkirkja er í Haga frá árinu 1891 og er hún nýlega endurbyggð. Hagahringurinn er skemmtilegur sveitavegur þar sem meðal annars er að sjá yfir hin fögru Gíslholtsvötn. Á Landvegamótum, þar sem beygt er í átt að Galtalæk, er söluskáli og bensínstöð. Í Heklumiðstöðinni í Brúarlandi er hægt að fræðast um Heklu, drottningu íslenskra eldfjalla, og sjá m.a. myndir af Heklugosum. Þar eru jafnframt listsýningar allt sumarið. Gott tjaldstæði er á Laugalandi og fáum við þar okkar reit, eins og venjulega í útilegum. Ný sundlaug er á staðnum með vatnsrennibraut, heitum pottum og gufubaði. Einnig er gott leiksvæði fyrir börnin.

Fyrir þá sem ekki ætla að tjalda er hægt að velja um nokkra möguleika á innigistingu.

Svefnpokagisting á dýnu: kr. 900 pr.mann

Svefnpokagisting í rúmi: kr. 1300 pr.mann

Uppbúið rúm: kr. 1800 pr.mann

Þeir sem ætla að gista inni þurfa að panta sjálfir á Sumarhótelinu að Laugalandi,

sími: 487 6543 / fax: 487 6620

Á Sumarhótelinu er að sjálfsögðu einnig hægt að fá keyptan mat og kaffi og þar er aðstaða fyrir fólk til að elda sjálf.

Sundlaug:

5 ára og yngri frítt

6 – 12 ára kr. 100

13 ára og eldri kr. 200

Tjaldstæði:

2 – 3 persónur kr. 800

4 – 6 persónur kr. 1200

Húsbílar kr. 1200

Þjónustugjald v/ vatns og rafmagns kr. 500



MATARHORNID

CHAPATI

Indverskt flatbrauð

4 dl hveiti

1 dl vatn

olía til steikingar

Hnoðið saman vatn og hveiti. Geymið deigið undir röku viskastykki í 30 mín. Hitið pönnu og hnoðið deigið aftur, stráðið hveiti á borðið, á kökukefli og hendurnar. Skiptið deiginu í 15 hluta, hnoðið hvern í kúlu og rúllið síðan út í þunna kringlóttu köku, u.þ.b. 14 sentimetra stóra. Hristið laust mjöl að kökunni og steikið hana í svolitilli olíu, 1 mínútu á fyrri hliðinni og síðan ½ mínútu á hinni. Berið fram strax eða vefjið í álpappír og hitið í ofni við 225° C í 15-20 mín.

KARTÖFLUR OG BLÓMKÁL Í KARRÝ

Fyrir 6-8 manns.

500 gr kartöflur

500 gr blómkál

salt

75 gr olía

1 meðalstór laukur, smátt saxaður

2 hvítlauks rif, smátt saxað

5 cm fersk engiferrót, smátt söxuð

2 tsk kóreander fræ

1 tsk turmeric (ind. krydd)

1 tsk chili duft

1 tsk malaður svartur pipar

50 gr tómát puré

2 tsk garam masala (ind. krydd blanda)

Kartöflur skrældar og skornar í teninga og blómkálið skorið niður og stilkarnir af, soðið í saltvatni sitt í hvoru lagi, þar til aðeins farið að mýkjast 5-10 mín. Hitið olíuna í öðrum potti á meðan og steikið lauk, hvítlauk og engiferrótina í 4-5 mín þar til mjúkt. Bætið kóreander fræum við, og síðan turmeric, chili, pipar, og 1 tsk salti og hrærið vel og steikið áfram í 2 mín. Hrærið tómát puré saman við. Bætið nú kartöflunum og blómkálinu varlega saman við og sjóðið í 5-6 mín, ef ykkur finnst rétturinn vera of þurr má blanda soðinu frá blómkálinu saman við. Að síðustu er garam masala blandað út í og soðið áfram í 1 mín.

Verði ykkur að góðu.